

Fundargerð 11. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 151, VRÍI, HÍ.

Tími: 14. maí 2013 kl. 15:00

Viðstaddir: Dagur Jónsson (DJ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍP), Jónas Elíasson (JE) og Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS).
Fjarverandi:.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar 2013
 2. Verkaskipting stjórnar
 3. Verk stjórnar árið 2012-2013
 4. Önnur mál
-

1. Fundargerð aðalfundar 2013

Fundargerð aðalfundar VAFRÍ 30. Apríl 2013 var lesin yfir og samþykkt með minniháttar málfarsbreytingum.

2. Verkaskipting stjórnar.

Íris Þórarinsdóttir var kosin gjaldkeri og Sigurbjörn Búi Sigurðsson var kosinn ritari.

3. Verk stjórnar árið 2012-2013

Rætt um fjáröflun og innheimtu félagsgjalda, hvort rétt væri að fá styrktarlínur á heimasíðu. Ekki tekin afstaða til úthlutunar styrkja í bili. Rætt var um að skipuleggja skoðunarferðir til dæmis á Akranes og skoða veitur þar. Rætt um námskeiðshald um öryggismál í fráveitu.

4. Önnur mál

Rætt um slys sem varð í Bláfjöllum þann 8. maí þegar 600 lítrar af díselolíu láku niður í jarðveginn. Þarf að koma blaðagrein frá VAFRÍ. Hrund mun gera tillögu.

Fundi var lokið um kl.16:20

Næsti fundur verður haldinn seinni part ágústs nk.

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson, sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is